




INNRA MAT VOGASKÓLA

Samantekt innra mats í Vogaskóla fyrir skólaárið 2025 – 2026

ásamt umbótaáætlun fyrir skólaárið 2026 – 2027

Inngangur

Hér er gerð grein fyrir innra mati Vogaskóla fyrir skólaárið 2025 – 2026. Sett er fram matsáætlun til ársins 2029 þar sem tiltekin eru viðfangsefni matsins, hvenær og með hvaða hætti þau eru metin. Fjallað er um helstu niðurstöður, bæði þær sem koma vel út og þær sem þarfnast umbóta. Á grunni þessara niðurstaðna er gerð umbótaáætlun.

Markmiðið með innra mati skólans er að skoða stöðuna í ákveðnum þáttum skólastarfsins. Til hliðsjónar eru höfð útgefin gæðaviðmið um skólastarf https://mms.is/sites/mms.is/files/endurskodun_vidmida_25_november_2022.pdf, menntastefna Reykjavíkurborgar <https://menntastefna.is/> og áherslur skólans <https://vogaskoli.reykjavik.is/sites/default/files/2026-01/vogaskoli-starfsaaetlun-2025-2026.pdf>. Innra mats teymi skólans leiðir þessa vinnu en aðrir starfsmenn koma einnig að því að rýna í starfið og finna leiðir til umbóta þar sem þess er þörf. Innra mats teymið skipa þau Aðalsteinn Hjartarson, Hrefna Hjartardóttir, Jóhanna Jónasdóttir og Snædís Valsdóttir.

Langtímaáætlun um innra mat í Vogaskóla 2025 - 2030

Innra mats teymið gerði matsáætlun sem tekur til áraanna 2025 – 2030. Þar koma fram hvaða þættir eru metnir á hverju skólaári fyrir sig, sjá hér fyrir neðan.

Áætlun um innra mat Vogaskóla 2025 - 2030					
Viðfangsefni	2025- 2026	2026- 2027	2027- 2028	2028- 2029	2029- 2030
Nám og kennsla					
• Inntak og námskrá		x	x	x	x
• Námsárangur	x	x	x	x	x
• Gæði kennslu (kennsluaðferðir, námsmat, ÍSAT o.fl.)		x	x	x	
• Skipulag náms		x	x	x	x
• Nám/námssvitund/upplifun nemenda	x		x		x
• Ábyrgð og þáttaka nemenda		x		x	
Velferð nemenda					
• Líðan	x	x	x	x	x
• Ástundun		x	x	x	x
• Hreyfing		x	x	x	x
• Skólamatur	x	x	x	x	x
• Stjórnun og fagleg forysta					
• Samvirkni í stefnumótun (skólanámskrá, starfsáætlun)	x	x	x	x	
• Faglegt samstarf og samræða (lærdómsmenning og starfsþróun)	x	x	x	x	
• Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		x		x	
• Umbætur og innleiðing breytinga		x	x		x
• Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir		x			x
• Starfsmannastjórnun og verkaskipting		x		x	
• Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks		x		x	
• Starfsánægja/líðan/starfsandi/menning	x	x	x	x	x
• Menntastefna Reykjavíkur		x	x	x	x

Upplýsingar um Vogaskóla

Vogaskóli er gamalgróinn hverfissskóli í Vogahverfi, stofnaður í nóvember 1958. Skólinn er heildstæður með nemendur í 1. – 10. bekk. Síðustu ár hefur nemendum fjölgað verulega því nemendur úr nýrri Vogabyggð eiga skólasókn í Vogaskóla. Í skólabyrjun haustið 2025 voru nemendur 405 og við skólalok í júní 2026 eru þeir 414.

Í skólanum er staðsett miðlæg sérdeild fyrir einhverfa, Vogasetur, þar eru 8 nemendur. Í skólanum er einnig staðsett íslenskudeild fyrir borgarhlutann. Þar eru að jafnaði 20 – 24 nemendur. Hlutfall nemenda með erlent móðurmál er rúmlega 30% af nemendafjölda skólans.

Helstu niðurstöður innra mats skólaárið 2025 – 2026

Skólaárið 2025 – 2026 beindist innra mat skólans mest að námsárangri og velferð nemenda ásamt stjórnun og starfsánægju meðal starfsmanna.

Nám og kennsla

Námsárangur

Markmiðið er að allir nemendur taki framförum í námi.

Framkvæmd mats

Staða í lesfimi, lesskilningi og stærðfræði var metin með þar til gerðum stöðluðum prófum frá MMS (Matsferli). Einnig var rýnt í niðurstöður Skólapúls um ánægju nemenda af einstökum námsgreinum.

Niðurstaða

Lesfimi – lesskilningur – ánægja af lestri

Lesfimipróf MMS er lagt fyrir nemendur í 1. – 10. bekk á landsvísu. Þátttaka nemenda í Vogaskóla er 99% en þátttaka nemenda á landsvísu er 92%. Árangur nemenda Vogaskóla er heldur slakari en á landsvísu. Það kallar á aðgerðir til að bæta þá stöðu.

Lesskilningspróf MMS er lagt fyrir nemendur í 4. – 10. bekk. Skyldubundin þátttaka er í 4. 6. og 9. bekk, en í Vogaskóla var prófið einnig lagt fyrir í 5., 7. 8. og 10. bekk. Niðurstaða hjá nemendum Vogaskóla gefur til kynna að lesskilningur þeirra sé almennt betri en á landsvísu.

Ánægja nemenda í 6. – 10. bekk af lestri er mæld í Skólapúlsinum og niðurstöður þar gefa til kynna að ánægja nemenda í Vogaskóla af lestri sé almennt meiri en jafnaldra þeirra á landsvísu.

Stærðfræði – ánægja af stærðfræði

Stærðfræðiþróf MMS er lagt fyrir nemendur í 4. – 10. bekk. Skyldubundin þátttaka er í 4. 6. og 9. bekk, en í Vogaskóla var prófið einnig lagt fyrir í 5., 7. 8. og 10. bekk. Niðurstaða hjá nemendum Vogaskóla gefur til kynna að stærðfræðikunnátta þeirra sé almennt betri en á landsvísu.

Ánægja nemenda í 6. – 10. bekk af stærðfræði er mæld í Skólapúlsinum og niðurstöður þar gefa til kynna að ánægja nemenda í Vogaskóla af stærðfræði sé almennt meiri en jafnaldrar þeirra á landsvísu.

Nám/námsvitund/upplifun nemenda

Markmiðiði er að nemendur þekki styrkleika sína í námi, séu áhugasamir, nám þeirra taki mið af námskrá og áhugasviði þeirra. Þeir taki frumkvæði og beri ábyrgð á eigin námi og framkomu. Þeim líði vel og séu tilbúnir til að leggja sig fram í námi.

Framkvæmd mats

Í Skólapúlsinum er spurt um viðhorf nemenda í 6. – 10. bekk til eftirfarandi: Vellíðan, þrautseigja í námi, trú á eigin vinnubrögð og námsgetu, virk þátttaka í kennslustundum.

Niðurstaða

Niðurstöður úr Skólapúlsi gefa til kynna að nemendur Vogaskóla hafi meiri trú á eigin getu og hafi sterkari námsvitund en jafnaldrar þeirra á landsvísu. Þeim líði betur en jafnöldrum þeirra á landsvísu.

Velferð nemenda

Skólamatur – líðan nemenda

Markmiðiði er að nemendum líði vel í skólanum og þeir séu ánægðir með matinn sem er í boði í mötuneyti skólans.

Framkvæmd mats

Í Skólapúlsinum er spurt um líðan nemenda og þar er einnig spurt um viðhorf nemenda í 6. – 10. bekk til matarins í skólanum.

Niðurstaða

Niðurstöður úr Skólapúlsi gefa til kynna að nemendur Vogaskóla séu óánægðari með matinn í skólanum heldur en jafnaldrar þeirra á landsvísu. Skólaárið 2025 – 2026 var unnið að úrbótum í mötuneyti. Ánægja nemenda hefur aukist, en enn er tækifæri til úrbóta.

Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun

Markmiðið er að í skólanum sé unnið samkvæmt lögum um grunnskóla, menntastefnu Reykjavíkur, aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá.

Framkvæmd mats

Rýnt í fyrirbyggjandi gögn í skólanum svo sem starfsáætlun og skólanámskrá. Rýnt í niðurstöður starfsmannakönnunar (Stofnun ársins) og foreldrakönnunar sem SFS gerði í gegnum Skólapúlsinn.

Niðurstaða

Starfsáætlun skólans er til staðar og hefur ekki fengið athugasemdir frá skóla – og frístundasviði. Í skólanámskrá eru upplýsingar um stefnu skólans og skólastarfið í heild. Skólanámskrá hefur verið í endurskoðun eftir að aðalnámskrá grunnskóla var endurskoðuð. Enn er verið að vinna í endurbættri skólanámskrá Vogaskóla og sú vinna gengur vel.

Faglegt samstarf og samræða

Markmiðið er að fagmenn skólans (kennarar, þroskajálfar, náms – og starfsráðgjafi og aðrir) séu stöðugt að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms fyrir alla nemendur.

Framkvæmd mats

Rýnt í fyrirbyggjandi gögn í skólanum svo sem kennsluáætlanir, lesið og kennt, samantekt úr starfsþróunarsamtölum við fagmenn skólans. Rýnt í niðurstöður starfsmannakönnunar (Stofnun ársins) og niðurstöður Skólapúlsins þar sem nemendur eru spurðir um upplifun af framkvæmd kennslu.

Niðurstaða

Allt bendir til þess að fagmenn skólans leggi sig fram um að þróa kennsluhætti, fylgja aðferðum leiðsagnarnáms og finna leiðir til að mæta mismunandi námsþörfum nemenda.

Starfsánægja/líðan/starfsandi/menning

Markmiðið er að starfsmenn skólans séu ánægðir í starfi, þeim líði vel, starfsandi sé góður og jákvæð menning sé ríkjandi

Framkvæmd mats

Rýnt í samantekt úr starfsþróunarsamtölum við starfsmenn skólans. Rýnt í niðurstöður starfsmannakönnunar (Stofnun ársins) og niðurstöður

Niðurstaða

Allt bendir til þess að starfsmönnum skólans líði vel, þeir séu ánægðir í starfi og starfsandinn sé góður. Jákvæð menning sé ríkjandi.

Styrkleikar og tækifæri

Styrkleikar

Lestraránægja og lestrarmenning: Samkvæmt niðurstöðum úr Skólapúlsi þá er lestraránægja nemenda marktækt hærri en á landsvísu.

Árangur í lesskilningi: Samkvæmt niðurstöðum lesskilningsprófs í Matsferli er lesskilningur nemenda Vogaskóla betri en jafnaldra þeirra á landsvísu.

Árangur í stærðfræði: Samkvæmt niðurstöðum úr Skólapúlsi þá er ánægja nemenda Vogaskóla af stærðfræði marktækt hærri en jafnaldra þeirra á landsvísu.

Skóla – og bekkjarandi: Samkvæmt niðurstöðum úr Skólapúlsi upplifa nemendur Vogaskóla marktækt betri skóla – og bekkjaranda heldur en jafnaldrar þeirra á landsvísu. Spurningar Skólapúlsins snúa m.a. að sambandi nemenda við kennara, aga í kennslustundum, virkri þátttöku nemenda í kennslustundum og tíðni leiðsagnarmats.

Starfsánægja: Samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunar og samantektar úr starfsþróunarsamtölum þá er starfsfólk ánægt með vinnustaðinn, það er stolt af sínum skóla og líður almennt vel í vinnunni.

Ánægja foreldra með skólann: Samkvæmt niðurstöðum foreldakönnunar sem SFS gerði þá eru foreldrar ánægðir með skólann og telja sig geta mælt með honum við aðra foreldra.

Tækifæri

Læsi/lesfimi: Samkvæmt niðurstöðum lesfimi í Matsferli þá er árangur nemenda í Vogaskóla undir landsmeðaltali. Þar er þörf á endurskoðun á vinnu við læsi og eftirfylgni í kjölfar lesfimiprófa í september og janúar.

Nýting gagna: Nýta betur niðurstöður úr ýmsum könnunum til að bæta og þróa skólastarfið.

Skólanámskrá: Ljúka þarf vinnu við endurskoðun skólanámskrár.

Forvarnir: Endurskoða þarf áætlun gegn einelti sem og forvarnaráætlun skólans.

Félagsfærni – samskipti: Efla þarf félagsfærni nemenda.

Skólamatúr: Vinna þarf markvisst að því að bæta ánægju nemenda með matinn í mötuneyti skólans.